

# STJÓRNARTÍÐINDI B 152 – 2004

1. desember 2004

2385

Nr. 961

## AUGLÝSING

### um umferð í Dalvíkurbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Dalvíkurbyggð:

Einstefna verður á Karlsrauðatorgi frá Hafnarbraut að Ránarbraut þó þannig að leyft verður að aka inn á lóðina ofan við Ránarbraut 1.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Dalvíkurbyggð sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. desember 2004.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**

8. desember 2004

Nr. 962

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Lundur og tenging Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 9. apríl 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- a. Lundur, u.þ.b. 10 ha óbyggt svæði og verslunar- og þjónustusvæði breytist í íbúðarsvæði, fyrir allt að 400 íbúðir. Svæðið afmarkast af lögsögumörkum Reykjavíkur og Kópavogs til norðurs, íbúðarsvæði við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs.
- b. Tenging Hafnarfjarðarvegar og Nýbýlavegar breytist þannig að í stað slaufu norðan Nýbýlavegar sem tengist Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku er gert ráð fyrir rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla austan þeirrar sem nú er og mun hún tengjast Dalbrekku.

Gutenberg

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag við Heiðarbrún á Stokkseyri.*

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Heiðarbrún á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 25. júní 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 1. ágúst 2001 til og með 29. ágúst 2001 með athugasemdafresti til og með 12. september 2001.

*Deiliskipulag við Hrismýri á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og iðnaðarsvæði við Hrismýri á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 29. maí 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 28. september 2001 til og með 26. október 2001 með athugasemdafresti til og með 9. nóvember 2001.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

*Selfossi, 24. nóvember 2004.*

**Grétar Zóphaníasson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.